

## Því úrskurðast:

Hinum stefndu veitist 14 daga frestur til  
andsvara í málinu.

Nr. 35/1894:

Sigtús Sveinbjarnarson  
gegn  
Birni Bjarnarsyni.

## Úrskurður:

Mál þetta var í hjeradi höfðað fyrir gestarjetti  
Suður-Múlasýslu af Skapta Jósepssyni fyrir hönd  
Björns Bjarnarsonar á Krossi gegn Sigfúsi Svein-  
bjarnarsyni út af meiðyrðum, og var dómur kveð-  
inn upp í því af gestarjettinum hinn 20. sept. 1893  
á þá leið, að hin átöldu meiðyrði voru dæmd ó-  
merk og að Sigfús Sveinbjarnarson var dæmdur  
til að greiða 30 kr. sekt til landssjóðs, en til vara  
í 12 daga einfalt fangelsi, svo og til að greiða 50  
kr. í málskostnað. Dómi þessum áfrýjaði Sigfús  
til yfirdómsins með stefnu 30. jan. f. á., en henni  
var frá vísað með dómi rjettarins 20. ágústmán.  
f. á. Hann hefur nú aptur skotið málinu hingað  
með stefnu, dags. 27. s. m. og gjört þær rjettar-  
kröfur, að gestarjettardómurinn verði dæmdur ó-  
merkur og málinu vísað frá gestarjettinum, en til  
vara, að hann verði algjörlega sýknaður og að  
hinn stefndi verði, hvernig sem fer, dæmdur til að  
greiða málskostnað fyrir báðum rjettum með 100  
kr. eða eptir mati rjettarins. Hinn stefndi Björn  
Bjarnarson, sem að eins hefur lagt formhlið máls-

ins undir dóm, hefur krafizt þess, að málinu verði frá vísað og áfrýjandi dæmdur til að greiða 20 kr. málskostnað, en til vara, að honum verði veittur 14 daga frestur til andsvara í aðalefni málsins.

Frávísunarkröfu sína byggir hinn stefndi á því, að þar sem undirrjettardómurinn hafi verið upp kveðinn 20. sept. 1893 og þá þegar á eptir hafi verið birtur áfrýjanda, en yfirrjettarstefna hafi eigi verið gefin út fyr en 27. ágústmán. f. á., þá hafi áfrýjunarfresturinn verið fyrir löngu út runninn. En þar sem það er in confesso að einmitt þessu sama máli hefur áður verið áfrýjað til yfirdómsins, en þaðan var því þá frá vísað hinn 20. ágústmán. f. á. fyrir þá skuld, að hinum rjetta sakaraðila var eigi stefnt, er þessi síðari áfrýjun málsins að þessu leyti lögleg, sbr. reskr. 19. desbr. 1749, og gjörir það engan greinarmun, hvort hinum stefnda hefur verið kunnugt um hið fyrra málsskotið eður eigi. Frávísunarkrafa stefnda verður því ekki tekin til greina, en honum veitist 14 daga frestur til andsvara í málinu.

Því úrskurðast:

Stefnda veitist 14 daga frestur til andsvara í málinu.